

## **Verklag við breytingar á reglum fyrir Háskóla Íslands**

Miða ber við að breytingar á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, séu gerðar ekki oftar en einu sinni á misseri. Það verklag gildir að breytingartillögum deilda og stjórnunareininga er safnað saman og þær lagðar í einu lagi fyrir háskólaráð til umfjöllunar. Breytingartillögur að hausti skulu berast skrifstofu rektors fyrir 15. september en að vori er skilafrestur til 15. mars.

*Samþykkt í háskólaráði 9. janúar 2003*

### **Greinargerð með tillögu**

Fyrir tveimur og hálfu ári setti háskólaráð nýjar sameiginlegar reglur fyrir Háskóla Íslands í kjölfar nýrra laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999. Á þeim tíma sem síðan er liðinn hafa fjórtán sinnum verið gerðar breytingar á reglunum m.a. til þess að skýra betur einstök ákvæði þeirra. Eðlilegt má telja að alloft hafi þurft að bregðast við með þeim hætti, en tíðar breytingar á reglum valda hins vegar auknu umstangi og geta skapað óvissu. Er því lagt til að framvegis verði breytingar að öllu jöfnu ekki gerðar oftar en tvisvar á ári. Komi hins vegar upp brýn þörf á því að breyta reglum mun verða brugðist við því sérstaklega.